

Skólanámskrá

2023 – 2024



Nám og kennsla
10. bekkur

Umsjónarkennarar
Hildur Björnsdóttir
Margrét Rósa Friðbjörnsdóttir



Efnisyfirlit











Bakgrunnsupplýsingar.....	3
Viðmiðunarstundaskrá fyrir 10. bekk.....	3
Læsisstefna Njarðvíkurskóla	3
Námsmat.....	4
Lykilhæfni	4
Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi	4
Íslenska.....	5
Stærðfræði	6
Samfélagsgreinar	7
Náttúrugreinar	8
Enska	9
Danska.....	10
Heimilisfræði.....	11
Myndlist	12
Skólaípróttir.....	13












Bakgrunnsupplýsingar

Umsjónarkennarar 10. bekkjar eru Hildur Björnsdóttir og Margrét Rósa Friðbjörnsdóttir. Heimastofur eru 103 og 209. Stuðningfulltrúar koma inn í ákveðnum fögum eftir þörfum. Nemendur fá 37 kennslustundir á viku.

Aðrir kennarar:

-  Íslenska – Jóhann Gunnar Sigmarsson og Margrét Rósa Friðbjörnsdóttir
-  Stærðfræði – Torfi Gíslason og Þórdís Björg Ingólfssdóttir
-  Samfélagsgreinar – Hildur Björnsdóttir, Margrét Rósa Friðbjörnsdóttir og Yngvi Þór Geirsson
-  Náttúrufræðigreinar – Hildur Björnsdóttir
-  Enska – Hulda Hauksdóttir
-  Danska – Hildur Helgadóttir
-  Skólaípróttir – Heiðrún Rós Þórðardóttir og Ásgerður Bjarklind Bjarkardóttir
-  Sund - Margrét Ó. Richardsdóttir
-  Heimilisfræði – Alda Kristinsdóttir
-  Myndlist – Eric Hearn

Viðmiðunarstundaskrá fyrir 10. bekk

-  Íslenska – 7 stundir
-  Stærðfræði – 5 stundir
-  Samfélagsgreinar – 4 stundir
-  Náttúrufræðigreinar – 4 stundir
-  Enska – 4 stundir
-  Danska – 4 stundir
-  Skólaípróttir – 3 stundir
-  List- og verkgreinar – 2 stundir
-  Valfög – 6 stundir

Samtals: 37 stundir á viku

Læsisstefna Njarðvíkurskóla

Læsisstefna Njarðvíkurskóla er lifandi plagg í stöðugri þróun og endurskoðun. Læsisstefnan krefst sameiginlegrar sýnar þeirra sem fylgja henni eftir og vinna markvisst eftir stefnunni. Hún er höfð að leiðarljósi í skólastarfinu hjá nemendum í 1.-10. bekk. Læsisstefna lýsir ákveðnum stíganda í læsisnámi nemenda frá upphafi til loka grunnskólagöngu. Nálgastrá má Læsisstefnu Njarðvíkurskóla á heimasíðu Njarðvíkurskóla.

Viðmið í maí vegna orðafjölda í lesfimi. Fyrirlögn fer fram í september, janúar og maí.

90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
145	180	210

Lestrarlag nemanda út frá matsramma fyrir lesfimi er metið í september/janúar/maí (tjáning og raddstyrkur, hendingar, flæði og hraði). Í matsrammanum er merkt við í þann reit rammans sem lýsir frammistöðu nemanda á hverjum matsþætti fyrir sig. Nemandi getur fengið á bilinu 4–16 heildarstig úr rammanum og kemur fram umsögn samkvæmt því – sjá Læsisstefnu Njarðvíkurskóla.



Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum aðalnámskrá grunnskóla í öllum greinum.. Til að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér fyrir neðan.

- 🏡 Ólokið ef nemandi tók ekki þátt í eða náði ekki að ljúka við verkefni sökum t.d. fjarvista.
- 🏡 Hæfni ekki náð ef nemandi vann með ákveðið hæfniviðmið en náði ekki tókum á því.
- 🏡 Þarfnast þjálfunar ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði sem unnið hefur verið með.
- 🏡 Á góðri leið ef nemandi þarf bara ögn meiri vinnu með hæfniviðmiðið til þess að ná því.
- 🏡 Hæfni náð ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- 🏡 Framúrskarandi ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur.

Einnig er gefið í bókstöfunum A, B+, B, C+, C og D fyrir verkefni og próf.

Lykilhæfni

Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Njarðvíkurskóla. Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi

Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast. Áherslur 10. bekkjar eru fjölskyldur – jafnrétti og virðing, umburðarlyndi og virðing, mannréttindi, skuldbinding og foreldrahlutverk, langtímasamband og hjónabönd, ábyrgða hlutverk foreldra, barnagiftingar, kynferði, menning, samfélög og hlutverk.



Íslenska

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmiðin í íslensku fyrir 8.-10. bekk í fjóra flokka; Talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er með hvern flokk fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk

Flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabókum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.	Gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því	Gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsnið eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállyskna.	
--	--	---	--

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.	Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra.	Áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt, áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap.	Beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.
Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákni og stílbrogð	Beitt reglum um rétritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda.	Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisreinar.	Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér víðeigandi talhraða og fas.
Gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu.	Gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og getur nýtt þekkingu sína á íslenski málfræði við nám í erlendum tungumálum.	Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða	Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni
Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað	Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta	Notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir bvíðingu lestrar, ekki síst bókmennta. í	Notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið víðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um.
Nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökraðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar.	Nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt	Skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi	Skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð bær.
Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og færð rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi	Valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur	Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.	Valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun.
Valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa			










Kennsluefni og kennslugögn

- Gísla saga Súrssonar, Englar alheimsins, Ég man þig bók/kvikmynd, Mér er í mun, heimalestrarbækur, Logar, ljósrit frá kennara. Handbækur: Málfinnur, orðabækur ásamt rafrænu námsefni, Lofsöngurinn. Heimir/heimildir og heimildaskráning.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Unnið er með læsi í víðum skilningi þess orðs, meðal annars með heimalestri og lestri í skóla. Læsi er ekki einungis lestur á texta heldur læsi á umhverfi, aðstæður og atburði í daglegu lífi. Nemendur fá þjálfun í upplestri og lestri ásamt því að fá þjálfun í lesskilningi.
- Námsaðlögun fer fram í formi einstaklingsvinnu og hópavinnu þar sem hver nemandi vinnur út frá sinni getu og hæfni.
- Kennsla fer fram bæði í stærri hópum þar sem allur árgangur er saman sem og minni hópum. Kennslan fer fram hjá tveimur kennurum í formi teymiskennslu.

Námsmat

-  Yfirlitspróf úr völdu námsefni í lok skólaárs, skriflegt
-  Bókmenntir – verkefni, próf og ritgerðir
-  Málfræðikannanir reglulega yfir skólaárið
-  Lestur – Heimalestur, kjörbókarvinna munnleg og skrifleg
-  Stafsetningakannanir reglulega yfir skólaárið
-  Þrjú lesfimiþróf á skólaárinu ásamt þremur framsagnarþrófum
-  Þrjú lesskilmingspróf á ári
-  Hópaverkefni, myndbönd, hlaðvarp
-  Heimildaskráningarverkefni og heimildaskráning metin úr lokaverkefni í náttúrufræði.

Stærðfræði

Hæfniviðmið

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmið í stærðfræði fyrir 8.-10. bekk sett upp í sjö flokka; Að geta spurt og svarað með stærðfræði, að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar, tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar sem og tölfræði og líkindi. Unnið er með hvern flokk fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk

ákvarðað lausnir á jöfnum og jöfnuheppum með myndritum og lýst sambandi breytistærða með föllum.	lesið stærðfræðilegan texta, skilið og tekið afstöðu til upplýsinga sem settar eru fram á táknmáli stærðfræðinnar	notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar, nýtt einslög, hornareglur og hnitakerfi til að teikna og greina rúmfræðilega hluti, sett fram einföld rúmfræðileg rök, mælt og reiknað lengd, flöt og rými og nýtt tölur til þessara hluta	sett fram einföld rúmfræðileg rök og sannanir og túlkað táknmál algebru með rúmfræði
tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga og meta þær, finna lausnir, m.a. í tengslum við ábyrgð á eigin fjármálum, neyslu og þróun samfélagsins			

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

tjáð sig um stærðfræðileg efni og um veruleikan með tungumáli stærðfræðinnar, útskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrum, leitað lausna og sett viðfangsefni fram á fjölbreyttan stærðfræðilegan hátt með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og röksemdafærslu sett fram, greint, túlkað og metið stærðfræðileg líkön.	framkvæmt tilraunir þar sem líkur og tilviljun koma við sögu og túlkað niðurstöður sínar	fundíð rök fyrir og rætt um fullyrðingar um stærðfræði, skilið og metið röksemdir sem settar eru fram af öðrum og unnið með einfaldar sannanir	fundíð, sett fram og afmarkað stærðfræðiprautir bæði í tengslum við daglegt líf og viðfangsefni stærðfræðinnar, lagt mat á lausnirnar, m.a. með það að markmiði að alhæfa út frá þeim
greint á milli skilgreininga og setninga, milli einstakra tilvika og alhæfinga. Getur nýtt þá þekkingu til að kanna og ræða um stærðfræðileg hugtök, um tilgang og takmörk þeirra	lesið úr táknmáli stærðfræðinnar, notað það á merkingarberan hátt, t.d. þýtt af daglegu máli yfir á táknmál stærðfræðinnar og skilið þær leikreglur sem gilda um með-ferð þess	leyst jöfnur og einfaldar ójöfnur, leyst saman jöfnur með fleiri en einni óþekktri stærð,	leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum
notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg vandamál, rætt um lausnir og nýtt margvísleg hjálpartæki til stærðfræðilegra verka, þar með talin tölvutækni,	notað mælikvarða og unnið með einslaga form, útskýrt setningu Pýþagórasar og reglu um hornasummu í marghyrningi og beitt henni í margvíslegu sambandi. Einnig gert rannsóknir á réthyrndum þríhyrningum og reiknað hliðarlengdir og horn út frá þekktum eiginleikum,	notað rauntölur og greint sambandi milli talna í ólíkum talnamengjum	notað tölfræðihugtök til að skipuleggja, framkvæma og túlka tölfræðirannsóknir, framkvæmt og dregið ályktanir af tilraunum, þar sem líkur og tilviljun koma við sögu
notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar þar með talin hugtök um stærðarhlutföll, innbyrðis afstöðu lína, færslur og fræðilega eiginleika tví- og þrívíðra	nýtt möguleika stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum og líkt eftir raunverulegum fyrirbrigðum, m.a. með notkun tölvutækni og gert sér grein fyrir hvernær slíkt er gagnlegt og við hæfi	rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrað með það að markmiði að alhæfa um stærðfræðileg efni	sett fram og notað mismunandi framsetningu sama fyrirbæris, hvort sem um er að ræða hlutbundna, myndræna, munnlega eða algebrulega framsetningu eða með töflu og grafi
sett upp, túlkað og gagnrýnt stærðfræðilegt líkan af raunverulegum aðstæðum. Það getur m.a. falið í sér reikning, teikningar, myndrit, jöfnur og föll	tekið þátt í að þróa skipulega fjölbreyttar lausnaleiðir, m.a. með notkun upplýsingatækni	tjáð sig um stærðfræðileg efni munnlega, skriflega og myndrænt, af nákvæmni og túlkað framsetningu annarra á stærðfræðilegu efni	túlkað jöfnur í hnitakerfi og notað teikningar í hnitakerfi til að leysa þær.
undirbúið og flutt munnlegar kynningar og skrifað texta um eigin vinnu með stærðfræði, m.a. með því að nota upplýsingatækni	unnið í samvinnu við aðra að lausnum stórra og smárra stærðfræðiverkefna og gefið öðrum viðbrögð, m.a. með því að svara markvisst	unnið skipulega einn og í samvinnu við aðra að því að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur og finna lausnir, alhæfa um hvers kyns viðfangsefni með hjálp stærðfræðinnar	valið og notað margvísleg verkfæri, þar með talin tölvutækni, gert sér grein fyrir möguleikum þeirra og takmörkunum, notað þau markvisst til að rannsaka stærðfræðileg



Kennsluefni og kennslugögn

- Skali 2A, Skali 3A og 3B, Almenn stærðfræði II og III, fallahefti frá kennara, ljósritað efni og vefefni. Reiknivél, hringfari, reglustika, gráðubogi.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Spurnar- og umræðukennsluaðferðir. Nemendur vinna saman í hópum og þörum þar sem krafist er virkni allra og nemendur hvattir til að sýna frumkvæði í öllum sínum verkum.
- Notast verður við beina kennslu, sýnikennslu, hópavinnu, leiki og spil, samvinnunám og upplýsingatækni. Náms efni verður aðlagð að þeim nemendum sem þess þurfa, færri/fleiri dæmi eða annað sérsniðið námsefni.

Námsmat

- Notast verður við leiðsagnarmat ásamt lotukönnunum sem teknar eru yfir allt skólaárið. Lokapróf er í maí og lokamat er gefið í bókstöfum.

Samfélagsgreinar

Hæfniviðmið

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmið í þrjá yfirflokkka: reynsluheim, hugarheim og félagsheim. Reynsluheimur felur í sér umhverfi, samfélag, sögu og menningu. Hugarheimur felur í sér sjálfsmynd - hæfni nemandans til að átta sig á sjálfum sér og öðrum. Félagshheimur felur í sér samskipti - hæfni nemandans til að mynda og þróa tengsl sín við aðra. Unnið er með viðmið sem eina heild út skólaárið.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk

Greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða.	Ígrundað eigin getu til aðgerða og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleyfis.	Rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.	Sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helei mannlegs lífs.
Tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verði gagnrýnin neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem eru í boði.	Útskýrt gildi reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur.	Útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn.	Útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga..
Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.	Vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausum og réttsýnan hátt.		

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum	Fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.	Fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum.	Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess.
Greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.	Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.	Rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi.	Rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengi og lífshátum, m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum.
Sýnt sjálfsgaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.	Tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.	Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmynda og hefur áráði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt.	

Kennsluefni og kennslugögn



- 🏠 Nemendur fá verkefni og námsefni frá kennara og sækja sér upplýsingar á netinu. Í fjármálafræðslu fá nemendur námsgögn hjá kennara og ásamt því að nota ýmsar upplýsingar og reiknivélar á netinu.
- 🏠 Fáðu já – kynlíf klám og vændi – Verkefni og námsefni frá kennara og frá netinu ásamt heimildarmyndinni *Prostitution the oldest trade* frá National Geographic.
- 🏠 #FreeTheNipple – Verkefni frá kennara og lesefni á netinu.
- 🏠 #MeToo – Verkefni frá kennara og lesefni á netinu.
- 🏠 Bókin Fávitar.
- 🏠 Stefnt er á ferð á Skólalöng snemma að hausti eða seint að vori.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- 🏠 Í hópaverkefnum þurfa nemendur að vinna saman og þjálfa sig í samvinnu og samskiptum. Nemendur þjálfast í að nota netið til að afla sér upplýsinga og vinna með þær. Í lok hópaverkefna er kynning á niðurstöðum hópsins þar sem metið er til lykilhæfni og hvernig hver og einn kynnir og talar fyrir framan hóp. Í fjármálafræðslunni er ætlast til að nemendur þjálfist í að vinna sjálfstætt að einstaklingsverkefnum þar sem þeir skila einu verkefni og taka þrjú tímapróf.

Námsmat

- 🏠 Fjármálafræðsla – 1 skilaverkefni sem kallast *Hvað kosta ég?*, þar sem nemendur skrá niður neyslu sína yfir langan tíma og áætla ársneyslu ásamt því að vinna ýmis skilaverkefni í Google Classroom sem metin eru til einkunnar nem námsmatsskalanum - Frammúrskarandi - Hæfni náð - Á góðri leið - Þarfnast þjálfunar - Hæfni ekki náð - Ólokið.
- 🏠 #FreeTheNipple – skilaverkefni með námsmatsskalanum - A-B-C-D.
Metoo – skilaverkefni metið með námsmatsskalanum - A-B-C-D.
Fáðu já! - Kynlíf, vændi og klám - skilaverkefni námsmatsskalanum - A-B-C-D.
Ný þjóð - skilaverkefni með námsmatsskalanum - Frammúrskarandi - Hæfni náð - Á góðri leið - Þarfnast þjálfunar - Hæfni ekki náð.

Náttúrugreinar

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmiðin í náttúrugreinum í tvo þætti; verklag og viðfangsefni. Þættirnir eru samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni. Unnið er með viðmiðin sem eina heild út skólaárið.


Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk

Gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun.	Greint stöðu mála á eigin umhverfi og aðdraganda þess, í framhaldi skipulagt þátttöku í aðgerðum sem fela í sér úrbætur.	Rökrætt umhverfismál frá ólíkum sjónarhornum, er tengjast vatni, vatnsnotkun og sjó.	Sagt fyrir um þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita.
Skoðað og skráð atburði eða fyrirbæri sem snerta samskipt manns og umhverfis, í framhaldi tekið virkan þátt í gagnrýnni umfjöllun um málið og gert tillögur til bóta.	Skýrt tengsl mannfjöldapróunar við framleiðslu og dreifingu matvæla og þátt lofttækninnar í þeim tengslum.	Sýnt fram á getu til að vinna að umbótum í eigin sveitafélagi eða frjálsum félagasamtökum.	Tekið þátt í að skoða og skilgreina stöðu umhverfismála á heimsvísu og rætt um markmið til umbóta.
Unnið með samþætt viðfangsefni með vinnubrögðum náttúrugreina og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta tengdum náttúru, umhverfi, samfélagi og tækni.	Útskýrt forsendur vistvænnar hönnunar.		

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum.	Beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingsstigsins.	Beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda.	Dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn.
Dregið mynd af því hvernig menntun, þjálfun, starfsval og áætlanir um eigið líf tengjast breytingum á umhverfi og tækni.	Frankvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti og inni.	Gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum.	Gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum.
Gert grein fyrir hvernig niðurstöður rannsókna hafa haft áhrif á tækni og atvinnulíf í nánasta umhverfi og samfélagi og hvernig þær hafa ekki haft	Greint hvernig þættir eins og tæknistig, þekking, kostnaður og grunnkerfi samfélagsins hafa áhrif á hvaða lausn viðvangsefna er valin hverju sinni.	Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur.	Lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt.
Lýst hringrás efna og flæði orku í náttúrunni, útskýrt ljóstillifun og bruna og gildi þeirra.	Metið gildi þess að upplýsingum um vísinda- og tækniþróun sé miðlað á skýran hátt.	Rætt af skilningi eigin lífsýn og ábyrgð innan samfélags og tekið dæmi úr eigin lífi.	Skipulagt, framkvæmt og gert grein fyrir athugunum á námsþáttum að eigin vali er varðar búsetu mannsins á jörðinni.
Skýrt með dæmum hvernig náttúruvísindi, tækni, menning, heimsmynd mannsins og náttúran hafa áhrif hvert á annað.	Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru, sýnt umhverfinu umhvergi og rökrætt eigin skoðun á því.	Tekið rökstudda afstöðu til málefna og komið með tillögur um hvernig megi bregðast við breytingum en um leið tekið mið af því að í framtíðinni er marga óvísst og flókið.	Tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk- og tímaáætlun hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi.
Útskýrt og rætt ástæður náttúruverndar.	Útskýrt þarfrir ólíkra lífvera í ólíkum vistkerfum.		


Kennsluefni og kennslugögn

-  Mannslíkaminn, valdir kaflar úr Eðlisfræði 2 og 3 ljósrituð verkefni og efni frá kennara, myndbönd námsefninu til stuðnings og ýmis áhöld fyrir verklega vinnu.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Kennsluáðferðir eru margvíslegar s.s. leiðsagnarnám, umræðu- og spurnaraðferðir, útlitunarkennsla, hópavinna, verklegar æfingar og lausnaleitarnám.
- Námsaðlögun fer fram í formi einstaklingsvinnu og hópavinnu þar sem hver nemandi vinnur út frá sinni getu og hæfni. Lögð verður áhersla á að nemandur nýti sér Chromebook tölvur við nám sitt.

Námsmat

-  Er metið út frá einstaklings og hópaverkefnum, vinnu möppu, verklegum æfingum, stuttum könnunum, þátttöku í tímum og lokaverkefni.

Enska


Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðunum er skipt upp í þrjú stig með jafna tímaskiptingu að baki í stað þess að þau miði við hæfni við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Gert er ráð fyrir að við lok grunnskóla hafi nemandur náð hæfni á 3. stigi. Hæfniviðmiðin eru þannig upp sett að efst eru nokkurs konar yfirviðmið sem síðan eru útfærð nánar. Þessi þriggja stiga rammi á að auðvelda skipulag á einstaklingsmiðuðu námi, þar sem hæfni nemenda í færniþáttunum er mismikil, byrjunarreitur ekki sá sami hjá öllum og námshraði mismunandi.


Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk

Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.	Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.	Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf.	Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér sambengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.
Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.	Getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska.	Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.	Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín.
Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.	Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju sambengi.	Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju sambengi.	Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, vefforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
Samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.	Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.	Skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.	Sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum
Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni.	Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.	Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.	Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum.
Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.	Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.	Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.	Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málna að leggja.


Kennsluefni og kennslugögn

-  Spotlight 10 Lesbók og vinnubók, Write Right Two o.fl. Lesbækurnar: Touching the Void, Oliver Twist og fleiri kjörbækur undir handleiðslu kennara. Kvikmyndaförrið til stuttmyndagerðar og ýmis önnur kennsla og leikjaförrið, ýmis ljósrit frá kennara, borðspilið SCRABBLE o.fl. námsleiki s.s. Scattergories og Baamboozle. Lögð verður áhersla á að nemendur nýti sér Chromebook tölvur við nám sitt.

Kennsluhættir og námsaðlögun

-  Kennsluaðferðir eru margvíslegar s.s. leiðsagnarnám, lausnarleitarnám, rökræður, paravinna, innlögn, samvinnunám, tjáning, umræður og miðlun allt eftir því hvað hæfir viðfangsefninu hverju sinni. Það krefst þess að nemandi sýni fjölbreytta námshæfni bæði sem einstaklingur og sem hluti af hóp.

Námsmat

-  Hæfni er metin út frá einstaklings- og hópaverkefnum, verklegum æfingum, könnunum, þátttöku í tímum og yfirlitsprófum.

Danska

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðunum er skipt upp í þrjú stig með jafna tímaskiptingu að baki í stað þess að þau miði við hæfni við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Gert er ráð fyrir að við lok grunnskóla hafi nemendur náð hæfni á 3. stigi. Hæfniviðmiðin eru þannig upp sett að efst eru nokkurs konar yfirviðmið sem síðan eru útfærð nánar. Þessi þriggja stiga rammi á að auðvelda skipulag á einstaklingsmiðuðu námi, þar sem hæfni nemenda í færniþáttunum er mismikil, byrjunarreitur ekki sá sami hjá öllum og námshraði mismunandi.



Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk

Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.	Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.	Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.	Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.	Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju sambengi.	Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.	Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gæstgjafi eða í netsamskiptum.
Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.	Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.	Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.	Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.
Skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.	Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín.	Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.	Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.
Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni.	Sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma.	Getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska.	Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér sambengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.
Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.	Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf.	Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.	Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju sambengi.

Kennsluefni og kennslugögn

- Ekko lesbók og vinnubók, kjörbók undir handleiðslu kennara, málfræði og annað ítarefni frá kennara auk danskra kvikmynda og/eða þáttaraða, ásamt tónlist.
- Nemendur munu koma til með að nýta sér Chromebook tölvur til að nálgast veforðasöfn.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Kennsluhættir eru margskonar, s.s. leiðsagnarnám og lausnaleitarnám, allt eftir því hvað hæfir viðfangsefninu hverju sinni. Nemendur þurfa því að sýna fjölbreytta námshæfni bæði sem einstaklingar en einnig í hóp.
- Kennari mun leitast eftir að aðlaga námsefni fyrir þá nemendur sem þess þurfa, þannig fá allir nemendur nám við hæfi og öðlist sjálfstraust og þroska í dönsku.

Námsmat

- Leitast er við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda sem metin er út frá aðalnámskrá grunnskóla. Námsmat er byggt á einstaklings-, para- og hópverkefnum, stuttum könnunum í málfræði, hlustun, lesskilningi og orðaforða. Munnleg færni verður m.a. metin í framsögn í tíma með upplestri og kynningu á verkefnum. Vinnubók felur einnig undir námsmat sem og þátttaka í kennslustofu. Lokamat í maí verður gefið í bókstöfum.

Heimilisfræði

Hæfniviðmið

Í heimilisfræði má finna tengingu á milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Því er kennslan samþætt með ofangreindum þáttum en opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) eru hafðar til hliðsjónar. Nemendur fá kennslu í að matreiða matinn á fjölbreyttan hátt og þekkingu á þeim næringarefnum sem tilheyrja hverjum fæðuflokk.



Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk

Tjáð sig um heilbrigða lífshætti, tengsl þeirra við heilsufar og sett í samhengi við ábyrgð hvers og eins á eigin heilsufari.	Greint helstu þætti sem hafa áhrif á útgjöld við heimilishald og geti tekið ábyrgð á eigin útgjöldum og skuldbindingum og þekkt rétt sinn og skyldur sem neytandi.	Metið eigið verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem viðkomandi námsgrein býr yfir.	Rætt þátt auglýsinga og upplýsinga um merkingar, verð og gæði neysluvara í tengslum við neytendavernd og tjáð sig um gæði, geymslu og aukefni í matvælum.
Sagt frá íslenski og erlendri matarmenningu og matreitt ýmsa þjóðarrétti.	Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í vítt samhengi við lýðræði og jafnrétti, hreinleika og eiginleika sem taldir eru bæta heilsu fólks og stuðla að sjálfbærri þróun.		

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Beitt helstu matreiðsluáferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúshöld.	Beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt.	Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þríf tengdu heimilishaldi og matreiðslu.	Greint aðalatriði næringarfræðinnar og útskýrt tengsl næringarefna, hráefna og matreiðslu.
Greint frá viðbrögðum við slysum á heimilum.	Hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði.	Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýnn hátt um næringarfræði, neytendamál, hagkvæmni í innkaupum, aukefni, geymslu og	Sett verkefni sín í menningarlegt samhengi.
Skípuhlutur og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir úr algengu og nýstárlegu hráefni með áherslu á hagkvæmni og nýtni.	Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði.	Teikið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi.	Unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna.

Kennsluefni og kennslugögn

- Ljósritað efni frá kennara.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Kennari og/eða stuðningsfulltrúi aðstoða nemendur sem þurfa á því að halda. Unnið er í einstaklingsvinnu og hópavinnu, bæði verklega og bóklega.

Námsmat

- Nemandinn er metin út frá frammistöðu í tímum bæði bóklega og verklega.

Myndlist

Hæfniviðmið

Í myndlist læra nemendur að tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýnn hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflíð. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunaraflsins.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk

Gagnrýnt af þekkingu, sanngimi og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu.	Greint hvernig samtímalist fæst við álitamálefni daglegs lífs með fjölbreyttum nálgunum sem oft fela í sér sambættingu listereina.	Greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun, bæði á Íslandi og erlendis og tengt það við þá menningu sem hann er sprottinn úr.	Notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sínar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati.
Sett verkefni sín í menningarlegt samhengi.	Túlkað listaverk og hönnun með tilvísun í eigin reynslu, nærumhverfi, samtímann, siðfræði og fagurfræði.		



Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt.	Gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í persónulegt, menningarlegt og sögulegt samhengi.	Greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat.	Hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði.
Metið eigið verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem viðkomandi námsgrein býr yfir.	Skipulagt vinnu sína með sjálfbærni í huga.	Skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og / eða rannsókn, myndrænt og / eða í texta.	Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði.
Sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal.	Sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal.	Tjád skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið.	Unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna.
Valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla, greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni.			

Kennslufni og kennslugögn

- Lesefni:** The Usborne Book of Art Skills, Art in Action, Listasaga, Frá Hellalist til 1900.
- Efni á netinu:** Mrs. Brown art lessons, National Gallery of art og Tate Kids.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Umræður, hópavinna, einstaklingsvinna, teikning og málun.

Námsmat

- Óformlegt mat kennara á vinnu nemenda: Kennari fylgist með, ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans.
- Fullklárað lokaverkefni sem uppfyllir markmið
- Teikniblokkir: Veita nemendum tækifæri til að skrá hjá sér hugsanir sínar með teikningum, pári eða einföldu kroti og glósum til viðbragðs við nýjum hugtökum sem farið er hugsanlega yfir í tímum.

Skólaíþróttir

Hæfniviðmið

Í aðalnámskrá eru hæfniviðmiðin sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda þann fyrsta, síðan félagslegir þættir, þá beiting þekkingar varðandi heilsu og að síðustu öryggisþættir. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 10. bekk

Notað mælingar með mismunandi mælinákvæmni við mat á afkastagetu.	Rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði bæði sínu eigin og annarra.	Rökrætt kynheilbrigði, kyn- og staðalímyndir, afleiðingar eineltis og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.	Sett sér skammtíma- og langtíamarkmið í íþróttum og heilsurækt, gert og framkvæmt eigin bjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna
Skýrt helstu áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans.	Sótt og nýtt sér upplýsingar við alhliða heilsurækt og mat á eigin heilsu.	Sýnt ábyrgð í útvist. Skýrt tákn korta, tekið stefnu með áttavita og ratað um landsvæði eftir korti.	Tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum. Framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar,
Útskýrt þjálfunaraðferðir og notað hugtök sem tengjast sundiðkun og ýmsum íþróttum.	Vitað hvaða hlutverk helstu vöðvahópar líkamans hafa í tengslum við þjálfun líkamans.		

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Gert liðleikaæfingar sem reyna á hreyfividd og hreyfigetu, sýnt útfærslu flókinna hreyfinga þannig að þær renni vel saman, gert rytmískar æfingar og	Gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirt þol.	Nýtt sér stöðluð próf til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.	Skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandan og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og
Sýnt leikni og sýnt viðstöðulaust í bringusundi, baksundi, skriðsundi, flugsundi og kafsundi auk þess að geta troðið marvaða.	Sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu.	Tekið þátt í hópþróttum, einstaklingsþróttum og heilsurækt innan og utan skólans.	Tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi.
Þekkt mismunandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim og sýnt háttvísi í leik, bæði í hóp og einstaklingsþrótt.			

Kennslufni og kennslugögn

- Öll almenn áhöld íþróttahúsa og sundlauga.

Kennsluhættir og námsaðlögun

- Kennari leggur verklegar æfingar fyrir nemendur og útskýrir þær munnlega og/eða með sýnikennslu
- Kennari kennir nemendum ákveðna færni í hinum ýmsu æfingum svo námsmarkmið árgangsins náist. Síendurteknar æfingar með hliðsjón af námsmarkmiðunum eru lykillinn að því að þau náist
- Geta sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu
- Æfingarnar geta verið einstaklingsmiðaðar þar sem nemandinn vinnur einn eftir fyrirmælum kennara og einnig para og/eða hópaverkefni þar sem fleiri nemendur vinna saman í hópum
- Dæmi um para-/hópaverkefni er þegar nemendum er skipt upp í lið sbr. tvö lið í fótbolta, eða þegar tveir nemendur eru látnir vinna saman í stöðvaþjálfun

Námsmat

Íþróttir – metin verður hæfni með: Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar og hæfni ekki náð. Lokaeinkunn í bókstöfum.

- Hæfni í eftirfarandi verklegum þáttum verður metin: Þolpróf, sipp, langstökk án atrennu, armbeygjur, liðleiki og jafnvægi.


- Áhugi og virkni verður metin:
 - Framúrskarandi - Alltaf áhugasamur og virkur í kennslustund
 - Hæfni náð - Er mjög áhugasamur og virkur í kennslustund
 - Á góðri leið - Er oftast áhugasamur og virkur í kennslustund
 - Þarfnast þjálfunar - Sjaldan áhugasamur og virkur í kennslustund

Bóklegar íþróttir – Hæfni nemenda metin: Framúrskarandi - Hæfni náð - Þarfnast þjálfunar - Hæfni ekki náð

- Tvö próf tekin rafrænt í gegnum spjaldtölvu
- Verkefnabók
- Heimaverkefni



Sund - nemendur fá einkunn: Lokið – Ólokið. Nemandi fær lokið ef hann líkur sundstigi á árinu.

 Hæfnimat í formi verklegra prófa jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur þurfa að ná hæfni í að minnsta kosti sex af átta hæfniþáttum í verklegum prófum til að ná 10. sundstigi.

1. Bringusund í 20 mín (viðstöðulaust): Lágmarksvegalengd 600 m.
2. 50 m bringusund, stílsund
3. Björgun af botni laugar og 25 m björgunarsund með jafningja, stílsund
4. 12 m kafsund, stílsund
5. Tímataka, nemendur þurfa að ná 2 sundaðferðir af 4: 100 m bringusund, 50 m skriðsund, 50 m baksund og 25 m flugsund.